

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1387  
komudagur 21.3.2002

Reykjavík 18. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

### Varðandi umsagnir um frumvörp til laga frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta.

Við teljum að lengi hafi hönnunar- og skipulagsgreinar verið vanræktar í íslenska skólakerfinu; bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. En nú er verið að hefja kennslu í þessum greinum hér á landi, þ.e. arkitektúr og byggingarlist í Listaháskólanum, umhverfisskipulagi á Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og einnig hefur verið unnið að undirbúningi MS-náms í skipulagsfræði við HÍ. Því er mikilvægt þegar farið er að endurskoða lög sem þessi að tekið sé tillit til allra vísinda-, lista- og hönnunargreina á háskólastigi.

Rannsóknastofnanir hafa líka verið í uppbyggingu, en þar er um að ræða; Byggingarlistadeild Kjarvalsstaða, Hönnunarsafn Íslands og Borgarfræðasetur HÍ og Reykjavíkurborgar. Það fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í þessu uppbyggingarstarfi hefur margt reynt að sækja um styrk til rannsóknarverkefna til Rannís, en með mjög litlum árangri. Við þetta bætist svo að ekkert sérstakt fagráð er til fyrir þessar greinar, þannig að það er fólk úr öðrum óskildum greinum sem hefur lítinn skilning og þekkingu á hönnun eða skipulagi, er látið dæma um umsóknirnar.

Okkur þykir bæði rétt og tímabært að við séum inni í myndinni þegar skipað verður í fagráð á helstu sviðum vísinda af stjórn rannsóknarráðs, eins og fram kemur í frumvarpinu. Einnig finnst okkur að fagráð fyrir umhverfis-, skipulags-, hönnunar- og listgreinar vanti og að þær hafi því að nokkru orðið útundan við gerð þessa frumvarps.

Þó svo að í daglegu tali sé oft rætt um að vísindi og listir séu óskildar greinar, teljum við mikilvægt að við rannsóknir á listum, skipulagi og hönnun séu notaðar vísindalegar aðferðir. Því er mikilvægt að þessar greinar séu jafnrétttháar öðrum vísindagreinum við úthlutun styrkja til rannsókna.

Umsögn um frumvarp til laga um

### Vísinda- og tækniráð.

Þskj. 844, 539 mál.

(Tillögur um viðbætur og athugasemdir feitletraðar í rauðu).

#### 1. gr.

Markmið þessara laga er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun, hönnunar-, skipulags- og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar, lista og hönnunar, og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

#### 3. gr.

Forsætisráðherra skipar 15 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinnna aðila:

- a. Fimm samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins.

Ath. Hinar nýju hönnunar- og skipulagsgreinar á háskólastigi þurfa að eiga fulltrúa í vísinda- og tækniráði m.a. vegna sérstöðu sinnar og mikilvægi á að styrkja þessar greinar strax í upphafi kennslu- og rannsókna í þeim hér á landi.

Umsögn um frumvarp til laga um

## **Opinberan stuðning við vísindarannsóknir.**

Þskj. 857, 549. mál.

(Tillögur um viðbætur og athugasemdir feitletraðar í rauðu).

### **1. gr.**

Markmið laga þessara er að efla..... styrkja grunnrannsóknir, þverfaglegar-, hönnunar-, skipulags-, lista- og hagnýtar rannsóknir.

### **5. gr.**

Stjórn Rannsóknarsjóðs skipar fagråd til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda, lista, skipulags og hönnunar sem skulu hafa það hlutverk að vera .....

**Ath.** Teljum við mikilvægt að hönnunar-, lista- og skipulagsgreinar þurfi að fá sérstaka athygli við gerð þessara laga til að tryggja framgang þeirra og framtíð.

Því teljum við mikilvægt að sérstakt fagråd verði skipað fyrir hönnunar-, lista- og skipulagsgreinar.

### **10. gr.**

2. a. annast söfnun og úrvinnslu upplýsinga um vísinda-, lista-, skipulags- og hönnunarrannsóknir í landinu.....

Umsögn um frumvarp til laga um

## **Opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.**

Þskj. 868, 553 mál.

(Tillögur um viðbætur og athugasemdir feitletraðar í rauðu).

### **1. gr.**

Markmið þessara laga er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp tækni-, þróunar- og hönnunarlega getu fyrirtækja og frumkvöðla.

### **3. gr.**

c. starfrækja frumkvöðlasetur til að styðja framgang nýrra hugmynda og hönnunar í samráði við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir.

g. beita sér fyrir hagnýtingu nýrrar hönnunar og vísindaþekkingar.

### **4. gr.**

a. að styrkja þróun tækni og hönnunar í þágu nýsköpunar atvinnulífsins.

c. fjármagna sérstök átaksverkefni til að treysta tækni- og hönnunarlegar undirstöður atvinnuveganna.

**Fyrir hönd Félags íslenskra landslagsarkitekta,**



Finnur Kristinsson, formaður